



Árþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE

Þingeyjarsveit / Skjólbrekku

18. og 19. apríl 2024

Þinggerð

Þingsetning

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar SSNE, setur þingið kl. 10.15 og býður þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Þá tilnefnir formaður Arnór Benónýsson, sveitarstjórnarfulltrúa í Þingeyjarsveit sem þingforseta og Díönu Jóhannsdóttur og Elvu Gunnlaugsdóttur sem þingritara. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Þingforseti vakti athygli fundargesta á því að fundurinn væri tekinn upp til hægðarauka fyrir ritun fundargerðar.

Þingforseti vakti athygli á því að öll gögn þingsins eru aðgengileg inn á heimasíðu SSNE, www.ssne.is.

Þingforseti kynnti tillögu um eftirfarandi kjörnefnd þingsins:

Hulda Elma Eysteinsdóttir, Akureyrarbær – formaður

Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþing

Helgi Jóhannsson, Fjallabyggð

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti kynnti tillögu um eftirfarandi fjárhags- og stjórnsýslunefnd:

Finnur Yngvi Kristinsson, Eyjafjarðarsveit

Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbær

Soffía Gísladóttir, Norðurþing

Gerður Sigtryggisdóttir, Þingeyjarsveit

Axel Grettisson, Hörgársveit

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins til að taka saman umræðu um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra, ársreikning og tillögu um breytingar á rekstrarframlagi.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.



Hulda Elma Eysteinsdóttir, formaður kjörnefndar kom upp og gerði grein fyrir mætingu á þingið, en 34 af 37 þingfulltrúum eru mættir. Jafnframt var löglega til þingsins boðað og því þingið löglegt.

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formanni stjórnar flytur skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. [Skýrslur stjórnar má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri flytur skýrslu framkvæmdastjóra. [Skýrslu framkvæmdastjóra má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Niels Guðmundsson, endurskoðandi hjá Enor ehf., kynnir ársreikning SSNE fyrir árið 2023. [Ársreikning SSNE má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Rögvaldur Guðmundsson, verkefnastjóra fjármála og reksturs hjá SSNE, kynnir fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á rekstrarframlagi sveitarfélaga til SSNE 2024. [Tillöguna má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Þingforseti opnar mælendaskrá um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra, ársreikning og tillögu um breytingar á rekstrarframlagi.

Katrín Sigurjónsdóttir tekur til máls og lýsir yfir ánægju með niðurfellingu skuldar við Vegagerðina og góðan rekstrarreikning, Katrín fagnar jafnframt tillögu stjórnar um lækkun rekstrarframlags og ánægju með stækkaða stjórn. Þröstur Friðfinnsson tekur til máls og tekur undir ánægju með niðurfellingar skuldar og fagnar stækkaðri stjórn. Sigurður Þór Guðmundsson tekur til máls og fer yfir tilkomu skuldar við Vegagerðina og mikilvægi staðfestu. Sigurður hvetur einnig sveitarfélögin til að nýta þá sérfræðikunnáttu sem er til staðar innan SSNE. Jóna Björg Hlökkversdóttir tekur til máls og býður þinggesti velkomna í Þingeyjarsveitina og lýsir ánægju með stækkun stjórnar. Jóna vekur athygli á samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra og hvernig hún nýtist í hagsmunagæslu svæðisins. Hilda Jana Gísladóttir tekur til máls og vekur athygli á þeirri vinnu sem er framundan við gerð nýrrar Sóknaráætlunar og mikilvægi hennar.

Þingforseti bar ársreikning og tillögu stjórnar um breytingu á rekstrarframlagi sveitarfélaga til SSNE upp til atkvæða.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Rögvaldi Guðmundssyni, verkefnastjóra fjármála og reksturs hjá SSNE kynnir [uppfærða fjárhagsáætlun ársins 2024 til 2027.](#)

Finnur Yngvi Kristinsson, formaður fjárhags- og stjórnsýslunefndar tekur til máls og fer yfir umsögn nefndarinnar um fjárhagsáætlun.

Þingforseti opnar mælendaskrá um fjárhagsáætlun árána 2024-2027.

Snorri Finnlaugsson tekur til máls og lýsir yfir ánægju með niðurfellingu körfu Vegagerðarinnar, Snorri



kemur janframt með fyrirspurn varðandi breytingar á launakostnaði milli ára. Albertína Friðbjörg Elíasdóttir tók til máls og skýrði breytingu milli ára, en hún er vegna tímabundna verkefna. Þingforseti ber upp fjárhagsáætlun áráanna 2024-2027 upp til atkvæða. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Tillögur frá stjórn

Þingforseti kynnir [tillögu stjórnar um þóknun til stjórnar, fagraða og úthlutunarnefndar](#).

Þingforseti opnar mælendaskrá um tillöguna stjórnar um þóknun, enginn tekur til máls. Þingforseti ber upp tillögu stjórnar um þóknun. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingforseti kynnir [tillögur stjórnar um kosningu endurskoðanda](#), en tillagan er að **Enor** sem hefur verið endurskoðandi SSNE verði það áfram.

Þingforseti opnar mælendaskrá um tillöguna, enginn tekur til máls og er tillagan því borin upp til atkvæða. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Heiða Björg Hilmissdóttir, formanni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur til máls og fjallar um fjölbreytt starf Sambandsins. Þá fjallaði Heiða Björg meðal annars um nauðsynlega uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað í húsnaði hjá sveitarfélögunum, fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og verkefni sveitarfélaganna.

Þingforseti opnar fyrir mælendaskrá um erindi Heiðu Bjargar. Til máls tekur Snorri Finnlaugsson og ræðir skyldu sveitarfélaga um innviðaupbyggingu og kröfu ríkisins um að greiða virðisaukaskatt af innviðaupbyggingu og hvetur Snorri Sambandið fyrir því að beita sér fyrir breytingu á því. Heiða fagnar þessari ábendingu frá Snorra.

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar SSNE tekur til máls og kynnir dagskrá þingsins.

Þingforseti bauð velkomna **Sigurborgu Ósk Haraldsdóttur, verkefnastjóra SSNE** í pontu sem kynnti [möguleika svæðisskipulags á Norðurlandi eystra](#).

Þingforseti opnar fyrir spurningar til Sigurborgar.

Halla Björk Reynisdóttir tekur til máls og ræðir hversu erfitt hefur reynst að manna skipulagsskrifstofur, og hvort svæðisskipulag bæti á þau vandræði og hvort ætti frekar að skoða stærri skipulagsskrifstofur þvert yfir sveitarfélög. Þröstur Friðfinnsson tekur til máls og vekur athygli á mikilvægi þess að setja ekki bara skipulag, heldur verður að vinna að því. Þröstur veltir því upp hvort hægt væri að gera svæðisskipulag um afmörkuð viðfangsefni.

Þingforseti bauð velkomna **Arnheiði Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands** sem kynnti [Áfangastaðaáætlun Norðurlands](#).

Þingforseti opnar fyrir spurningar til Arnheiðar.

Áki Hauksson tekur til máls og spyr hvernig megi vinna í samstarfi í tengslum við móttöku



skemmtiferðaskipa. Arnheiður svarar að meðal annars sé hægt að horfa til dreifingu milli hafna, milli svæðið og yfir daginn. Jóna Björg Hlöðversdóttir, tekur til máls og bendir á vanda þess að Þingeyjarsveit sé ekki með í samtalinu um móttöku skemmtiferðaskipa en taki svo á móti t.d. miklum fjölda ferðamanna við Goðafoss. Soffía Gísladóttir tekur til máls og ræðir Dettifossveg og vetrarþjónustu. Arnheiður tekur undir með Soffíu og hvetur sveitarfélögin fyrir því að beita sér áfram fyrir vetrarþjónustu við Dettifossveg.

Þingforseti bauð velkomna **Hólmfríði Sveinsdóttur, sérfræðing í innviðaráðuneytinu** sem kynnti [Sóknaráætlanir landshlutanna](#).

Samtal um Sóknaráætlun

Þingforseti fól **Elvu Gunnlaugsdóttur og Díönu Jóhannsdóttur**, verkefnastjórum SSNE, stjórn fundarins. Haldin var vinnustofa í tengslum við framtíðarsýn vegna nýrrar Sóknaráætlunar.

Þinghlé

Þingforseti gerði hlé á þinginu til næsta dags.

Föstudagur 19. apríl

Þingforseti setur þingið að nýju og hefur Leif orðið.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Leifur Þorkelsson, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fjallar um [starfsemi heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra](#) og helstu verkefni. Leifur fór sérstaklega yfir merkingar heilbrigðiseftirlitsins á númerslausum bílum en mikill fjöldi bíla hafa verið merktir í fyrra sem og það sem af er að árinu. Þá fjallaði Leifur um salmonellusýkingu sem kom upp á leikskóla á Húsavík. Þingforseti opnar fyrir spurningar, Gestur Jensson tekur til máls og hvetur til að unnið sé heildstætt átak í að losa svæðið við númerslausa bíla. Leifur svarar að erfitt sé að taka bíla vegna skorts á plássi til að geyma bílana. Björn Lárusson tekur til máls og segir að kvaðir heilbrigðiseftirlitsins geti verið íþyngjandi fyrir atvinnurekendur. Sigurður Þór Guðmundsson tekur til máls og spyr hvort okkur sé að takast að ná þeim markmiðum sem eru sett með reglum um heilbrigðiseftirlit. Leifur svara og segir að það sé alveg að takast en t.d. sýni sýking á Húsavík hversu viðkvæmt kerfið sé.

Nærþjónusta ríkisins á Norðurlandi eystra

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, fjallar um [stöðu lögreglumála í umdæminu](#). Jafnframt eru mættir Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjóni og Jóhannes Sigfússon, aðstoðaryfirlögregluþjónn. Páley vekur athygli á miklum fjölda mála í umdæminu og skort á fjármagni og mannafla og kallar eftir aðstoð frá sveitarfélögum til að vekja athygli á því ástandi sem er komið upp.



Þingforseti opnar fyrir spurningar og Hilda Jana Gísladóttir tekur til máls og spyr hvort geðheilbrigðismál séu tengd málum lögreglunnar, Hilda Jana hvetur einnig sveitarfélögin til að leggja framlag í Bjarmahlíð. Jóhannes Sigfússon segir að mörg mál tengist andlegum veikindum og fíkniefnamálum og segir að embættið hafi vakið athygli á skort á afeitrunaraðstöðu. Aldey Unnar Traustadóttir spyr hvort fjölgun hafi verið í menntuðum lögregluþjónum eftir að námið var færð norður. Jóhannes segir að skortur sé á menntuðum lögregluþjónum á öllu landinu, en embættið hefur verið með stóran hluta starfsmanna í hlutastarfi samhliða náminu og það sé hægt því námið sé á Akureyri. Árni Hauksson spyr út í hrað- og ölvunarakstur, og hvort þetta sé yngri einstaklingar eða hvort þetta sé allur aldur. Páley segir að neysla í umdæminu sé mikil og hún skilar sér út í akstur, og um sé að ræða alla aldurshópar.

Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga og Helgi Þór Leifsson, framkvæmdastjóra klínískrar þjónustu á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Ragnheiður fjallaði um [stöðuna í dag og helstu áskoranir sjúkrahússins á Akureyri](#). Ragnheiður vekur athygli á því að hægt væri að létta álaginu á Landspítalanum með meiri uppbyggingu á Akureyri og auknum mannafla. Helgi Þór Leifsson tók við og fór yfir helstu áskoranir sjúkrahússins.

Þingforseti opnar fyrir spurningar, Logi Einarsson tekur til máls og ræðir mikilvægi háskólasjúkrahúss á Akureyri og tengsl þess að megnið af útskrifuðum sérfræðingum úr læknisfræði komi í grunninn úr þremur framhaldsskólum í Reykjavík. Sigríður Ingvarsdóttir tók til máls og spurði hvort við gætum bætt sérfræðiþjónustu með fjarlækningum. Helgi Þór svarar að öryggi tæknibúnaðar sé ákveðin fyrirstaða en lokað hefur verið fyrir tilraunaverkefni þar sem læknir í Bandaríkjunum sinnti ráðgjöf á bráðamóttökunni. Þröstur Friðfinnsson tekur til máls og spyr um möguleika þess að koma á læknanámi á Akureyri, og samvinnu með HÍ. Ragnheiður segir að samvinna við HÍ sé mjög gott en krafa um sérgreinar sé hamlandi í tengslum við nýja lækningardeild. Sigurður Þór Guðmundsson spyr hvort við vitum af hverju nemar af svæðinu séu síður að fara í læknanám. Helgi svarar að til dæmis MR sé með sér námslínu sem snýr beint að undirbúningi fyrir læknanám. Lára Halldóra spyr hvort að inntökupróf hafi haft áhrif á hverjir koma inn í læknanám. Ragnheiður leggur til að fyrirspurn verði send á Háskólann hvort breyting hafi orðið.

Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands fjallar um [starf HSN og helstu áskoranir starfsins](#).

Þingforseti opnar fyrir spurningar, Lára Halldóra spyr út í hugsanlegt samstarf félagsþjónustu og heimahjúkrun. Guðný segir hugsanleg tækifæri felast í samstarfi. Lára Halldóra spyr út í tækni í velferðamálum og hvort hægt væri að vinna þau mál í meira samstarfi. Guðný svarar og tekur undir það og bendir sérstaklega á skjáheimsóknir í því efni. Hilda Jana Gísladóttir spyr um meðalbiðtíma eftir heimilislækni, Guðný svarar að utan Akureyrar sé biðtíminn um vika, en að biðtíminn sé vandamál á Akureyri. Sigríður Ingvarsdóttir leggur til að skoða samlegðaráhrif á bakvöktum, t.d. hjá hjúkrunarheimilum og hvort hægt væri að samnýta meira með heimahjúkrun. Guðný svarar að þar séu örugglega tækifæri.



Ávörp gesta

Ingibjörg Isaksen, fyrsta þingmanni Norðurlands eystra tekur til máls. Ingibjörg fjallaði meðal annars um ríkisfjármálin, orkumál og útlendingamál. Ingibjörg fjallaði jafnframt um samgöngumál og mikilvægi þess að koma framkvæmdum á svæðinu í forgang.

Þingforseti opnar fyrir spurningar, Sigurður Þór Guðmundsson tekur til máls og spyr hvernig yrði brugðist við ákalli sveitarfélaganna um að lagt sé nauðsynlegt fjármagn til þessara þriggja stofnanna sem voru með erindi í dag. Ingibjörg svarar að nú sé erfitt ástand, há verðbólga og aðhaldssöm stefna, en ljóst að miklu verður ekki bætt við. En jafnframt að ef verðbólgan lækkar skapast svigrúm. Logi Einarsson tekur til máls, tekur undir að lækka verður verðbólgu en mennta-, velferða-, samgöngukerfið og fleiri þættir séu vanfjármagnaðir. Afla þurfi frekar tekna eins og t.d. í gegnum bankana. Ingibjörg svarar að bankaskattur sé hár en vonandi breytist ástandi fljótt með aukinni ferðaþjónustu.

Önnur mál

Þingforseti opnar mælendaskrá í tengslum við önnur mál.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir kynnir [tillögu að ályktun þingsins um kröfu um grunnfjármögnun nærþjónustu íbúa landshlutans](#).

Þingforseti opnar mælendaskrá um tillöguna, enginn tekur til máls og tillagan borin upp. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins til að ganga frá þinggerð með þingriturum SSNE. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingi slitið

Þingforseti þakkar fyrir gott þing og fól **Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar SSNE** að slíta þinginu. Lára Halldóra þakkar þinggestum og starfsmönnum SSNE fyrir gott þing.

Þingi slitið kl. 12:10.